

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti  
101 Reykjavík

Selfossi, 15. október 2019  
Tilvísun: 1910379

## Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt

Matvælastofnun hefur borist til umsagnar tillaga að þingsályktun um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt, 32. mál.

Í byrjun er rétt að halda til haga því regluverki sem Matvælastofnun ber að vinna eftir.

Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt kröfum sem settar eru fram í reglugerð *um aðbúnað og umhverfi, afurðaskýrsluhald, jarðrækt, fóðrun, heilsufar, lyfjanotkun, afurðir, landnýtingu og skyld atriði*, eins og kemur fram í reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 511/2018. Landnýtingarþáttur gæðastýringar er þannig aðeins einn þáttur af mörgum sem framleiðendur í sauðfjárframleiðslu þurfa að standast til að uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, og Matvælastofnun sinnir eftirliti með.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en Matvælastofnun fer með framkvæmd hennar. Þá hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gert samning við Landgræðslu ríkisins um eftirlit og úttekt á landi sem er nýtt við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Í köflum IV. og V. í reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eru ákvæði um landnýtingu framleiðanda, landbótaáætlun og eftirlit með landnýtingu og landbótum. Landnýting framleiðanda skal vera sjálfbær á því landi sem hann tilgreinir í umsókn sinni um þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu og skal standa viðmið um ástand lands samkvæmt körfum sem koma fram í viðauka I. við fyrrgreinda reglugerð. Landbótaáætlun skal hins vegar gerð fyrir heimalönd, upprekstrarheimlönd og afrétti sem uppfylla ekki kröfur sem eru settar í reglugerð í viðauka I um beitarland.

Áður en nýr framleiðandi er samþykktur af Matvælastofnun sem rétt hafi í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er óskað umsagnar Landgræðslu ríkisins hvað varðar landnýtingarþátt gæðastýringarinnar. Unnið var markvisst að því á árinum 2015 og 2016 að uppfæra landbótaáætlanir þátttakenda í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu á grundvelli þáverandi regluverks, breytingarreglugerðar nr. 536/2015. Landgræðslan aðstoðaði flesta bændur við gerð landbótaáætlana, eins og heimilt er, og áritaði þær. Það þurfti að uppfæra 50 landbótaáætlanir. Skv. 3. mgr. 15. gr. fyrrgreindrar breytingarreglugerðar (reglugerð sem var í gildi á þessum tíma) var gert ráð fyrir að Landgræðslan gæti áritað landbótaáætlun hafi hún verið unnin í samráði við stofnunina og stofnunin sé þar af leiðandi henni samþykk. Landgræðslan áritaði 40 landbótaáætlanir en 10 landbótaáætlanir bárust frá stofnuninni óáritaðar. Matvælastofnun sendi Landgræðslunni umræddar 10 landbótaáætlanir til umsagnar í samræmi við 4. mgr. 15. gr. breytingarreglugerðarinnar. Matvælastofnun staðfesti síðan þessar landbótaáætlanir að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins á grundvelli 7. mgr. 15. gr. breytingarreglugerðar nr. 536/2015, en í umsögn Landgræðslunar var staðfest m.a. „að þær aðgerðir sem framgreind áætlun felur í sér, fullnægi skilyrðum sem sett eru í 7. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1160/2013 sbr. reglugerð nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu um að með framkvæmd áætlunarinnar sé

dregið úr beitarálagi á gildistímanum.“ (Landgræðsla ríkisins, bréf dags. 2. júní 2016). Matvælastofnun telur að hér hafi verið fylgt góðum stjórnsýsluháttum enda unnið í samræmi við það regluverk sem stofnunni voru settar.

Matvælastofnun hefur unnið að því markvisst að styrkja utanumhald og framkvæmd á gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu frá því að stofnunin tók bæði við ábyrgð og framkvæmd með þessu þætti búvörusamninga. Stórt skref verður stigið um næstu áramót þegar krafa verður gerð um að allir þátttakendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu skili rafrænni gæðahandbók, og haldi henni síðan uppfærði á hverjum tíma. Á næsta ári verða því ákveðin tímamót þegar gerð verður krafa um að allir þátttakendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu haldi við rafrænni gæðahandbók. Í gæðahandbók skal skrá áburðarnotkun, gróffóðuröflun og fóðrun á búi, landnýtingu, lyfjakaup og lyfjanotkun, umhverfisþætti og aðrar fóðuröflun. Með útgáfu rafrænnar gæðahandbókar þá eru tímamót hvað varðar eftirlit með framkvæmd gæðastýringar. Þetta á sérstaklega við um landnýtingarþáttinn þar sem Landgræðsla ríkisins mun samnýta rafrænu gæðahandbókina í sínu eftirliti og samhliða er aukið gegnsæi og eftirlit með beitar skráningu. Mest af þeim upplýsingum sem er að finna í rafrænu gæðahandbókinni eru sóttar sjálfvirk í aðra gagnagrunna í landbúnaði, það er að segja JÖRÐ, skýrsluhaldskerfi í jarðrækt, Fjávís, skýrsluhaldskerfi í sauðfjárrækt, Bústofn, hagtölukerfi, Búfjárheilsu, lögbýlaskrá og MARK, einstaklingsmerkingarkerfi búfjár. Þannig eru samlegðaráhrif nýtt í þágu framleiðenda og eftirlitsaðila, sem dregur úr kostnaði við skráningu og eftirlit. Jafnframt verður til verðmætur gagnagrunnur um landnýtingarþátt gæðastýringar sem gagnast bæði bændum og stjórnvöldum við að leggja mat á beitarstýringu, nýtingu og verndun lands.

Virðingarfyllst,  
f.h. Matvælastofnunar

Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri búnaðarstofu

